

**Fylgiskjal.**

**Samanburður á viðaukum 1. og 2. í frumvarpinu við I. og II. viðauka Evrópusambandsins 97/11/EB og laga nr. 63/1993 og reglugerðar nr. 179/1994.**

**1. Viðauki**

**Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.**

Tillaga að lista í 1. viðauka	Ákvæði Annex I í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB	Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993
1. Olfuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.	1. tl. tekinn upp óbreyttur.	Óbreytt.
2. i. Jarðvarmavirkjanir með varmaafli 25 MW eða meira að hráorku, þar með taldar vinnsluholur á háhitasvæðum og rannsóknarholur á háhitasvæðum sem hannaðar eru eins og vinnsluholur, eða 10 MW uppsett varmaafli eða meira. ii. Önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira. iii. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett rafafli 10 MW eða meira.	2. tl. 1. mgr.: Varmaorkuver og önnur brennsluver með a.m.k. 300 MW hitaafköst.	Jarðvarmavirkjanir með varmaafli 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira.
3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislaefni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum), eru rifnir niður eða teknir úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).	2. tl. 2. mgr.: Tekin upp óbreytt.	Ákvæði óbreytt, utan "einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar eru rifnir niður eða teknir úr notkun".
4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyftra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyftra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.	3. tl. a): Tekinn upp óbreyttur. 3. tl. b): Tekinn upp óbreyttur.	Mannvirki eingöngu ætluð til langtímageymslu eða endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi.
5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbæðsla á málmmum.	4. tl.: - Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli. - Stöðvar þar sem framleiðsla hrámálms, sem inniheldur ekki járn, úr grýti, kirmi eða endurframleiddu hráefni, fer fram með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða	Verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbæðsla á steypujárni, stáli og áli.

Alþingi  
 Erindi nr. P 125/847  
 Komudagur 2. 3. 2000

	rafgreiningaraðferðum.	
6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.	5. tl.: Tekinn upp óbreyttur.	Óbreytt.
7. Efnaverksmiðjur sem framleiða: i. lífrænt hráefni ii. ólífrænt hráefni iii. áburð sem inniheldur fosfór, kóbaltarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur) iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða v. grunnlyfjavadrur með efnafræðilegum og lífræðilegum aðferðum vi. sprengiefni.	6. tl. tekinn upp óbreyttur utan hvað sleppt er nánari skýringu í 1. mgr. sem hljóðar svo: "Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu, þ.e. stöðvar sem gerðar eru til umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu með efnaumbreytingu, eru samliggjandi og hafa sameiginlega starfsemi og framleiða."	Efnaverksmiðjur (með blandaða framleiðslu).
8. Lagning járnbrauta.	7. tl. a) fhl.: Lagning járnbrauta yfir langar vegalengdir.	Óbreytt.
9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.	7. tl. a) shl.: Lagning flugvalla (1) með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.  (1) Flugvöllur samkvæmt skilgreiningu í Chicagosamþykktinni frá 1944.	Lagning flugvalla.
10. i. Stofnbrautir í þéttbýli. ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði.	7. tl. b): Lagning hraðbrauta (2).  (2) Hraðbraut samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar.  7. tl. c): Lagning nýrra vega með fjórum akreinum eða fleiri eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í 4 a.m.k., ef nýi vegurinn eða lagfærð veglína og/eða breikkun er á 10 km löngum samfelldum kafla.	Lagning (nýrra) vega.
11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.	8. tl. a): Tekinn upp óbreyttur. 8. tl. b): Viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að.	Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
12. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.	9. tl.: Förgunarstöðvar þar sem hættulegur úrgangur er brenndur, efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE eða urðaður (þ.e. úrgangur sem tilskipun 91/689/EBE gildir um). 10. tl.: Förgunarstöðvar þar sem hættulaus úrgangur er brenndur eða efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið	Förgunarstöðvar fyrir eitruðan og hættulegan úrgang (brenndur, efnameðhöndlaður eða urðaður) og almennar sorpeyðingarstöðvar þar sem skipuleg förgun á sorpi fer fram.

	D9 í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE og afkastageta er yfir 100 tonnum á dag.	
13. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði, ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m <sup>3</sup> eða meira.	11. tl. tekinn upp óbreyttur.	
14 Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónum m <sup>3</sup> á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum undanskilinn.	12. tl. a: Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasvæða ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem er flutt, er yfir 100 milljónir rúmmetra á ári. 12. tl. b: Í öllum öðrum tilvikum mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasvæða ef meðalstreymi um svæðið sem safnað er af, er yfir 2.000 milljónir rúmmetra á ári og magnið, sem er flutt, er yfir 5 % af því streymi.  Í báðum tilvikum er flutningur á drykkjarvatni í leiðslum undanskilinn.	
15. Skólfhreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.	13. tl.: Skólfhreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til þarfá 150.000 íbúta samkvæmt skilgreiningu í 6. lið 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE.	
16. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m <sup>3</sup> af jarðgasi á dag	14. tl. tekinn upp óbreyttur.	
17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km <sup>2</sup> lands eða meira fara undir vatn.	15. tl.: Gerð stíflna eða annarra mannvirkja til að hemja vatn eða geyma það til langs tíma, ef vatnsmagnið, sem hamið er eða geymt, er meira en 10 milljónir rúmmetra.	Vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km <sup>2</sup> lands fara undir vatn vegna stíflugerðar og vatnsvega og/eða breytinga á árfarvegi.
18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimur eða hættulegir umhverfi.	16. tl.: Leiðslur, sem eru meira en 800 mm í þvermál og meira en 40 km langar, til flutnings á gasi, olíu eða efnum.	
19. Stöðvar þar sem fram fer þauleiddi alifugla og svína með : i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 stæði fyrir hænur, ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri, eða iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.	17. tl.: tekinn upp óbreyttur.	
20. Verksmiðjur i. sem framleiða pappírseig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum, ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.	18. tl. tekinn upp óbreyttur.	
21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m <sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistöðustaður ná til samans yfir 50.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er áætlaður tíu ár eða lengri.	19. tl.: Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja sem nær yfir meira en 150 hektara.	Efnistöðustaðir (malarnám) á landi 50.000 m <sup>2</sup> eða stærra að flatarmáli eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 m <sup>3</sup> .

22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærrí. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærrí og eru 20 km eða lengri.	20. tl.: Lagning loftlína sem eru gerðar til flutnings á raforku með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.	Lagning háspennulína með 33 kV spennu eða hærrí.
23. Geymslustöðvar fyrir jarðolífu, efni unnin úr jarðolífu eða efnavörur með 50.000 m <sup>3</sup> geymslugetu eða meira.	21. tl.: Geymslustöðvar fyrir jarðolífu, efni unnin úr jarðolífu eða efnavörur með 200.000 tonna geymslugetu eða meira.	
24. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn/sólarhring eða meiri.		

## 2. viðauki

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar hvort skuli háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

2. viðauki	Ákvæði Annex II tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 179/1994.
<b>1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi</b>	<b>1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi</b>	
a) Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 10 ha..	a) Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli.	
b) Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snert svæði undir þaulnýttinn landbúnað.	b) Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snert svæði undir þaulnýttinn landbúnað.	Framkvæmdir er breyta landnotkun eða landnýtingu utan þéttbýlis.
c) Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á vermdarsvæðum*.	c) Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir.	Áveitur eða framræsla.
d) Nýræktun skóga á 40 ha svæði eða stærra eða á vermdarsvæðum* og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á vermdarsvæðum*.	d) Skógrækt og skógruðningur til að breyta nýtingu lands.	Nýræktun skóga.
e) Uppgræðsla lands á vermdarsvæðum*.		Uppgræðsla lands.
f) Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á vermdarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	e) Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár.	Búfjár- og dýrahald.
g) Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og	f) Þauleldi á fiski.	Fisk- og seiðaldisstöðvar og hverskonar annað eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.

fráveita í ferskvatn.		
h) Endurheimt lands frá hafi.	g) Endurheimt lands frá hafi.	
<b>2. Námuíðnaður</b>	<b>2. Námuíðnaður</b>	
a) Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m <sup>2</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er 10 ár eða lengri. Efnistaka á verndarsvæðum*.	a) Grjótnámur, opnar námur og mótekja (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka). c) Steinefnanám af hafs- eða árbotni.	Vinnsla jarðefna, s.s. leirs, sands, malar, skeljasands, vikurs, gjalls, kísilgúrs, salts og hvers konar bergs til mannvirkjagerðar og iðnaðar. Málmgrýtisvinnsla.
b) Neðanjarðarnámur.	b) Neðanjarðarnámur	
c) Djúpbörur, einkum: - borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði, - borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs, - borun eftir neysluvatni miðað við 5 milljónir m <sup>3</sup> ársnotkun eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka), að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.	d) Djúpbörur, einkum: - borun eftir jarðhita, - borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs, - borun eftir vatni, að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.	Jarðborun vegna jarðhita og neysluvatns.
d) Iðjuver ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti svo og jarðbiksleir.	e) Iðjuver ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti svo og jarðbiksleir.	
<b>3. Orkuíðnaður</b>	<b>3. Orkuíðnaður</b>	
a) Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafi 100 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2500 kW hráorku eða meira (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	a) Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka). h) Vatnsaflsstöðvar.	Stöðvar þar sem unnið er rafmagn, gufa og heitt vatn og tengd mannvirki.
b) Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns, flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk, flutningur á raforku með loftlínnum á verndarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	b) Iðnaðarmannvirki til að flytja gas, gufu eða heitt vatn; flutningur á raforku með loftlínnum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	Búnaður til að flytja raforku, vatn, gufu, olíu og gas.
c) Geymsla jarðgass ofanjarðar á verndarsvæðum*.	c) Geymsla jarðgass ofanjarðar.	Birgðageymslur fyrir jarðefnaeldsneyti ofanjarðar.
d) Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum*.	d) Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi.	Birgðageymslur fyrir jarðefnaeldsneyti neðan jarðar.

e) Geymsla jarðefnaeldsneytis ofanjarðar á verndarsvæðum*.	e) Geymsla jarðefnaeldsneytis ofanjarðar.	Birgðageymslur fyrir jarðefnaeldsneyti ofanjarðar.
f) Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.	f) Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.	
g) Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	g) Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (nema það sem fram kemur í 1. viðauka).	Stöðvar þar sem geislavirkum úrgangi er safnað saman og hann unninn.
h) Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 500 kW uppsett rafafli eða meira.	i) Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú).	
<b>4. Framleiðsla og vinnsla málma</b>	<b>4. Framleiðsla og vinnsla málma</b>	
a) Stöðvar til framleiðslu á steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.	a) Stöðvar til framleiðslu á steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.	Málmsteypur. Stálsmiði og stálskipagerð. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur. Nagla- og skrúfuframleiðsla. Vélaframleiðsla. Blikksmiðjur. Vinnsla á málum í raftækniönaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði. Zink- og krómhúðun málma.
b) Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum: i) heitvölsunarstöðvar ii) smiðjur með hömrin iii) varnarhúðun með bræddum málum.	b) Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum: i) heitvölsunarstöðvar ii) smiðjur með hömrin iii) varnarhúðun með bræddum málum.	
c) Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.	c) Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.	
d) Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).	d) Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).	

e) Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofanjarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.	e) Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofanjarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.	
f) Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.	f) Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.	
g) Stálskipasmíðastöðvar.	g) Skipasmíðastöðvar.	
h) Stöðvar sem eru í ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftförum.	h) Stöðvar til smíða og viðgerða á loftförum.	
i) Framleiðsla á járnbrautabúnaði.	i) Framleiðsla á járnbrautabúnaði.	
j) Málmótun með sprengiefnum.	j) Málmótun með sprengiefnum.	
k) Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.	k) Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.	
<b>5. Steinefnaíðnaður</b>	<b>5. Steinefnaíðnaður</b>	
a) Koxofnar (þurreiming kola).	a) Koxofnar (þurreiming kola).	
b) Sementsverksmiðjur.	b) Sementsverksmiðjur.	
c) Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	c) Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir sem falla ekki undir 1. viðauka).	
d) Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.	d) Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.	Verksmiðjuframleiðsla á gleri.
e) Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.	e) Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.	
f) Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.	f) Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.	
<b>6. Efnaiðnaður (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).</b>	<b>6. Efnaiðnaður (framkvæmdir sem falla ekki undir 1. viðauka).</b>	
a) Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.	a) Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna	Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
b) Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum.	b) Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum	
c) Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum*.	c) Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni.	Birgðageymslur fyrir jarðefnaeldsneyti ...

<b>7. Matvælaíðnaður</b>	<b>7. Matvælaíðnaður</b>	
a) Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.	a) Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.	Tilgreint í 20 liðum.
b) Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum.	b) Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum.	
c) Framleiðsla á mjólkurvörum.	c) Framleiðsla á mjólkurvörum.	
d) Öl- og maltgerð.	d) Öl- og maltgerð.	
e) Framleiðsla á sætindum og sírópi.	e) Framleiðsla á sætindum og sírópi.	
f) Sláturhús.	f) Sláturhús.	
g) Stöðvar til sterkjuframleiðslu.	g) Stöðvar til sterkjuframleiðslu.	
h) Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á vermdarsvæðum*, fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn/sólarhring eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	h) Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur.	
i) Sykurverksmiðjur.	i) Sykurverksmiðjur.	
<b>8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður.</b>	<b>8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður.</b>	
a) Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).	a) Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir sem falla ekki undir 1. viðauka).	Framleiðsla á trjákvöðu, pappír og pappa. Ullarþvottur, fitusneiðing og bleiking. Trefjalitunarverksmiðjur. Sútunarstöðvar og skinnaverkun. Vinnsla og framleiðsla á beðmi.
b) Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.	b) Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.	
c) Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinum.	c) Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinum.	
d) Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.	d) Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.	
<b>9. Gúmmííðnaður</b>	<b>9. Gúmmííðnaður</b>	
a) Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílfki.	Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílfki.	Framleiðsla og meðhöndlun vara úr teygjanlegum gerviefnum.
<b>10. Framkvæmdir á grunnvirkjum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka)</b>	<b>10. Framkvæmdir á grunnvirkjum</b>	



	a) Framkvæmdir á iðnaðarhúsnæði.	
	b) Byggingarframkvæmdir í þéttbýli, að meðtalinni byggingu verslunarmiðstöðva og bílageymslna.	
	c) Lagning járnbrauta og bygging aðstöðu fyrir samþætta flutninga og samþættra samgöngumiðstöðva (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	
a) Flugvellir á verndarsvæðum*.	d) Bygging flugvalla (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	Er á skylduista í lögum um mat á umhverfisáhrifum.
b) Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.*	e) Vegagerð, bygging hafna og hafnarmannvirkja, einnig fiskihafna (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	Hafnagerð.
c) Byggingarframkvæmdir við skipengar vatnaleiðir, gerð skipaskurða og fráveituskurða.	f) Byggingarframkvæmdir við skipengar vatnaleiðir sem ekki eru í I. viðauka, gerð skipaskurða og fráveituskurða	Skurðgröftur og flóðgarðagerð. Stíflugerð og fiskvegir. Vatnsmiðlanir og breytingar á árfarvegi.
d) Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum*.	g) Stíflur og önnur mannvirki til að hemja eða geyma vatn til langs tíma (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	
e) Sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.	h) Sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.	
f) Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum*.	i) Olíu- og gaspípumannvirki (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	
g) Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum*.	j) Vatnsleiðslumannvirki um langan veg.	
h) Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri.	k) Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum og mannvirki við haf sem geta breytt strandlengju, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.	Landfyllingar.

i) Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum*.	l) Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns sem ekki er í I. viðauka.	Lagning vatnsveitna.
j) Mannvirki á verndarsvæðum* til að færa vatnslindir milli vatnasvæða	m) Mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða sem ekki eru í I. viðauka.	Lagning vatnsveitna.
<b>11. Aðrar framkvæmdir</b>	<b>11. Aðrar framkvæmdir</b>	
a) Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.	a) Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.	Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
b) Stöðvar til úrgangslausunar á verndarsvæðum.* (Framkvæmdir ekki tilgreindar í I. viðauka.)	b) Stöðvar til úrgangslausunar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).	Er á skyldulista í lögum um mat á umhverfisáhrifum.
c) Skólphreinsistöðvar á verndarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í I. viðauka).	c) Skólphreinsistöðvar á verndarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í I. viðauka).	Skólphreinsistöðvar. Útrásardælustöðvar.
d) Förgun seyru á verndarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í I. viðauka).	d) Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum* (framkvæmdir ekki tilgreindar í I. viðauka).	Förgunarstöðvar fyrir úrgang skólphreinsistöðva (seyru).
e) Geymsla brotajáms, þar með talið bílar, sem er að magni 1.500 t/ár eða meira.	e) Geymsla brotajáms, einnig aflóga ökutækja.	Brotajámsgeymslur.
f) Prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.	f) Prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.	Prófunarstöðvar fyrir vélar, hverfla eða "reaktora".
g) Stöðvar sem framleiða steinullartrefjar.	g) Stöðvar sem framleiða steinullartrefjar.	
h) Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.	h) Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.	
i) Förgun sláturúrgangs.	i) Förgun sláturúrgangs.	
j) Endurvinnslustöðvar.		Endurvinnslustöðvar.
k) Snjóflóðavarnargarðar.		
<b>12. Ferðalög og tómstundir</b>	<b>12. Ferðalög og tómstundir</b>	
a) Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum* og jöklum.	a) Skíðabekkur, skíðalyftur og kláfar og skyldar framkvæmdir.	Bygging skíðalyftna og kláfa.
b) Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.	b) Smábátahafnir.	

c) Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum* á láglandi.	c) Orlofshverfi og gistiúsapýrpingar utan þéttbýlissvæða og framkvæmdir sem þeim tengjast.	Orlofsþorp, hótél eða fjallaskálar.
d) Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.		Er á skyldulista í lögum um mat á umhverfisáhrifum.
e) Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.	d) Varanleg tjaldstæði og hjólhýsastæði.	
f) Skemmtigarðar.	e) Skemmtigarðar.	
<b>13 Breytingar og viðbætur við framkvæmdir sbr. 1. og 2. viðauka.</b>  - Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.  - Framkvæmdir í 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.	<b>13</b>  - Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í I. eða II. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið.  - Framkvæmdir í I. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.	

**\* Verndarsvæði:**

1. friðlýstar náttúruminjar og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,
2. svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,
3. svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,
4. svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við mengunarvarnareglugerð og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,
5. svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands skv. Bernarsamningnum,
6. hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,